

FUNDARGERÐ MENNTASVIÐS

Dags. og tími: fimmtudagur 5. október 2023 kl. 14:00 – 15:30

Efni fundar: Stýrihópur – Komdu út að leika og skapa

Fundarstjóri: Guðrún María Ólafsdóttir

Fundarritari: Hekla Hannibalsdóttir

Þátttakendur: María Ásmundsdóttir, Klara Sigurmundadóttir, Fríða Dendý Helgadóttir, Gerður Magnúsdóttir, Elín Guðrún Pálsdóttir

UMRÆÐUR OG ÁKVARÐANIR:

Stýrihópur			
Nafn	Stofnun	Netfang	Símanúmer
Guðrún María Ólafsd.	Verkefnastjóri	guddamo2110@gmail.com	6603620
Hekla Hannibalsdóttir	Grunnskóladeild	hekla@kopavogur.is	4412712
Elín Guðrún Pálsdóttir	Leikskóladeild	elin.palsdottir@kopavogur.is	
Eyrún Ósk Jónsdóttir	Fulltrúi menningarhúsa	eyrun.osk@kopavogur.is	
Kristinn H. Þorsteinsson	Skógræktarfélag Kóp.	skogkop@gmail.com	8936700
Rebekka Gylfadóttir	Urðarhóll	rebekkagylfa@kopavogur.is	4415000
Sigrún Hulda Jónsdóttir	Urðarhóll	sigrunhj@kopavogur.is	4415000
Gerður Magnúsdóttir	Sólhvörf	gerdurm@kopavogur.is	4417700
Fríða Dendý Helgadóttir	Sólhvörf	fridadendy@kopavogur.is	4417700
Dagmar Kjartansdóttir	Kársnesskóli	dagmark@kopavogur.is	4414600
Lovísa Hannesdóttir	Vatnsendaskóli	lovisah@kopavogur.is	4414000
Klara Sigurmundadóttir	Vatnsendaskóli	klarasig@kopavogur.is	4414000
María Ásmundsdóttir	Vatnsendaskóli	mariaa@kopavogur.is	4414000
Bergþóra Þórhallsdóttir	Grunnskóladeild UT	beggath@kopavogur.is	
NN	Umhverfissvið		

Stýrihópur

Stýrihópurinn samanstendur af leik- og grunnskólakennurum í Kópavogi ásamt fagaðilum innan Náttúrufræðistofu Kópavogs, Menningarhúsa Kópavogs, Skógræktarfélags Kópavogs, Mennta- og Umhverfissviðs Kópavogs og verkefnastjóra.

Stýrihópurinn setur sér ákveðna verkáætlun fyrir næsta skólaár og hvaða verkefni (þema) gæti tengt alla þessa aðila saman í nokkrum verkefnum sem verða unnin að mestu í útinámi þar sem ákveðin aldurststig innan skólanna munu taka fyrir skólaárið 2023-2024.

Á þessu tímabili, skólaárið 2023-2024, mun stýrihópurinn einnig endurmeta verkefni til hins betra. Þessi verkefni munu síðan vera hugsuð fyrir þessa aldurshópa til framtíðar.

Hlutverk stýrihópsins

Hlutverk stýrihóps er að halda utan um og styðja og styrkja alla þátttakendur, kennara, börn og nemendur.

Verkefnaáætlun

Verkefnaáætlunin skiptist í tvær vinnu lotur;

- ✓ Haustönn
- ✓ Vorönn

Haustönn;

- ✓ Að undirbúa verkefni sem tengjast öll „Yfir þemanu“ með kennurum í skólunum fjórum og samstarfsaðilum.
- ✓ Að styðja og styrkja kennara/samstarfsfólk innan sinnar starfsstöðvar þegar kemur að því að leggja fyrir „tilraunaverkefni“.
- ✓ Að meta þátttakendur í útnámi með hliðsjón af fyrirfram gefnum spurningarlista.
- ✓ Að kynna verkefnið innan hvernar starfsstöðvar meðal samstarfsfólks.

Vorönn;

- ✓ Að kenna og nýta verkefni á vettvangi.
- ✓ Að styðja og styrkja kennara/samstarfsfólk innan sinnar starfsstöðvar þegar kemur að því að vinna verkefni.
- ✓ Að meta þátttakendur í útnámi með hliðsjón af fyrirfram gegnum spurningarlistum.
- ✓ Að taka þátt í að setja upp verk þátttakenda á uppskeruhátíð í lok maí.

Næstu skref:

Stýrihópurinn fær sendan texta þar sem verkefnið er kynnt og er ætlaður til opinberar birtingar sbr. heimasíður skólanna og heimasíður samstarfsaðila.

Menntasvið sendir frá sér könnun um stöðu á útikennslu til allra leik- og grunnskóla Kópavogs. Verkefnastjóri ásamt Menntasviði Kópavogs mun vinna úr þeim upplýsingum ennfrekar með tilliti til nærumhverfisis og grenndarsvæða þessara 4 skóla ásamt svæðum í nærumhverfi samstarfsaðila verkefnisins. Verkefnastjóri mun upplýsa stýrihópinn hver niðurstaðan verður og næstu skref í þeim málaflokki m.a. með tilliti til þess hvað og hvernig verði hægt að koma til móts við óskir ef einhverjar verða og um leið hvað betur mætti fara í þessum málaflokki.

Stýrihópurinn kynnir verkefnið fyrir samstarfsfólki sínu á sinni starfsstöð nú á haustmánuðum. Hann gæti nýtt sér PP sem er þegar til og farið í það hvernig verkefni eru hugsuð, eitt stórt **YFIR ÞEMAVERKEFNI** sem skiptist síðan niður í þrjú til fjóra undirflokka. Verkefnastjóri mun senda á stýrihópinn grunninn af þessu skjali sem verður um leið vinnuskjal stýrihópsins þegar verið er að vinna að því að setja niður hugmyndir af verkefnum innan þessara flokka.

Stýrihópurinn innan hvernar starfsstöðvar leggur fyrir fyrsta mat meðal þátttakenda.

Stýrihópurinn innan hvernar starfsstöðvar byrjar að huga að því hvaða verkefni eru þegar til og hafa verið nýtt gætu nýst vel inn í þetta verkefni.

Verkefnastjóri mun senda hlekk á Google docs til allra innan stýrihópsins sem viðkemur þróun verkefnana. Mögulegt er að bæta við kennurum eða öðru samstarfsfólki sem mun taka þátt í þessu verkefni með beinum eða óbeinum hætti en gætu styrkt verkefnið frekar.

Mat á verkefninu

Stýrihópurinn fær sendan matslista fyrir lok október frá verkefnastjóra. Þessi matslisti verður unnin meðal kennara innan hvernar starfsstöðvar. Menntasvið og verkefnastjóri mun vera stýrihópnum innan handar ef þess verður óskað

Google docs

Öll vinna sem tengist því að sameina mörg verkefni/aðlaga verkefni að þessu eina stóra verkefni sem **Komdu út að leika og skapa** gengur út á verður unnin í Google docs. Grunnskólarnir eru með aðgang að google gmail innan sína skóla en kennarar leikskólana munu koma inn á sínu einka gmail netfangi.

WorkPlace hópur – Komdu út að leika og skapa

WorkPlace verður notað sem samskiptavettvangur innan þeirra sem munu taka þátt í þessu verkefni í vetur, stýrihópsins, kennara eða annara innan starfsstöðvanna.

Það er mikilvægt að það sem verið er að deila sé **ekki eign Facebook** heldur þessa sem verið er að deila upplýsingum og Kópavogsbæjar. Á þeim forsendum var WorkPlace valið fram yfir almennt Facebookk.

Hekla á Menntasviðinu mun stofna þessa WorkPlace síðu og bæta við þátttakendum.

Verkefnin – vinnuferlið á haustönninni

Gert er ráð fyrir að skólarnir verði að vinna með 3 sameiginleg þemu. Verkefnastjóri leggur til að skólarnir noti verkefni sem þeir eiga þegar til og hafa gefist vel en auðvitað er ekkert sem mælir með að bæta nýjum inn ef þeir meta svo.

Vinnuheitið á yfirheiti verkefnisins er **Átthagarnir mínir**. Síðan væru undirflokkarnir eftirfarandi;

- ✓ Lífríkið
- ✓ Tré
- ✓ Nærumhverfið

Síðan er hugsunin að sem flestar námsgreinar/efni gætu blandast inn í þessi verkefni.

Verkefnin eru hugsuð þannig að þau gætu verið tekin fyrir yfir langt tímabil í einhverjum skóla á meðan annar skóli ákveður að taka það yfir lengri tíma. Það sem passar best fyrir starfið innan skólans skiptir öllu máli. Einhver skóli vinnur eftir söguaðferðinni á meðan e-h annar vinnur í anda upplifunar og sköpunar. Náms efni og annað efni sem verið er að vinna í skólunum er einnig ólíkt en það er einmitt hugsunin með þessu stóra verkefni er að ná að blanda eins mörgum þáttum inn hjá barninu/nemendum eins og kostur er.

Annað

Vatnsendaskóli hélt úti Útiskóla í Guðmundarlundi í september. Það var mikil ánægja meðal allra með þetta fyrirkomulag og það er þegar byrjað að huga því hvort það ætti að slá til og hafa vorskóla á sama svæði og þá hvort að verðandi nemenendur í Vatnsendaskóla tækju þátt eða kæmu eitthvað inn í vinnuna. Mjög áhugavert og spennandi þar sem verið er að vinna með ólíka þætti t.d. skordýrin, fínhreyfingar og sköpun í tálguninni, matseld og hreyfingu. Þetta tilraunaverkefni Vatnsendaskóla nýtist þessu verkefni **Komdu út að leika og skapa** mjög vel þar sem ólík skólástig voru að vinna sömu verkefni og við mjög ólíkar aðstæður en nemendur eru vön.